

**51. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
föstudaginn 31. maí 2024, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir,
Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Endurnýjun fráveitu Laugarvatni 3. áfangi - 2310009

1. verkfundur haldinn 10.05.2024

Fundargerðin var lögð fram.

2. Verkfundargerðir vegna byggingar húss fyrir UTU við Hverabraut 6 - 2209023

17. verkfundur haldinn 18.04.2024

Fundargerðin var lögð fram.

3. Dæluhús Bláskógaveitu Laugarvatni - 2305015

Undirbúningur útboðs

Lögð var fram útboðs- og verklýsing vegna byggingar dæluhúss. Byggingarleyfisumsókn verður lögð fram og verkið boðið út.

4. Varaafli Bláskógaveitu á Laugarvatni - 2405007

Aðstaða fyrir rafstöð Bláskógaveitu, áður á dagskrá á 50. fundi

Veitustjóri lagði til að keypt verði færanleg rafstöð til að brúa millibilsástand frá því að núverandi aðstaða fyrir rafstöð ("Viskustykkið") verður rifin þar til nýtt dæluhús hefur verið byggt. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir tillöguna.

5. Fráveita frá baðlóni í Laugarási - 2311025

Áætlun um hönnunarráðgjöf vegna hreinistöðvar við baðlón.

Áætlun Eflu verkfræðistofu um hönnunarráðgjöf var lögð fram. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir áætlunina fyrir sitt leyti. Verðkönnunargögn verði kynnt Bláskógabyggð þegar þau liggja fyrir.

6. Kalt vatn fyrir baðlón í Laugarási - 2401071

Borun eftir köldu vatni fyrir baðlón

Lögð var fram fyrirspurn Mannverks ehf um heimild til að bora prufuholu eftir köldu vatni innan lóðar baðlónsins.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að gerð verði tilraunahola innan lóðarinnar. Verði um

H.K

125

nýtanlegt vatn að ræða verði gengið frá samningi við eiganda Laugarásjarðarinnar og Bláskógaveitu.

7. Hreinsun hjólhýsasvæðis við Laugarvatn - 2405020

Hreinsun hjólhýsasvæðis, fyrirkomulag

Sviðsstjóri fór yfir stöðu mála. Talsvert var hreinsað af svæðinu sl haust. Rætt hefur verið við UMFL um möguleika á að félagið hreinsi timbur af svæðinu.

8. Byggingar á hjólhýsasvæði við Laugarvatn - 2405021

Ráðstöfun þriggja salernishúsa á hjólhýsasvæðinu við Laugarvatn.

Sviðsstjóri gerði grein fyrir því að á hjólhýsasvæðinu væru þrjú salernishús og aðstöðuhús. Húsin verða auglýst til sölu/brottflytnings.

9. Ráðning starfsmanns Bláskógaveitu 2024 - 2405023

Tillaga um að auglýst verði laust starf hjá Bláskógaveitu

Sviðsstjóri gerði grein fyrir því að aðstoðarveitustjóri hafi sagt starfi sínu lausu og miðist starfslok við 31. ágúst n.k. Samþykkt var að auglýsa eftir nýjum starfsmanni.

10. Framkvæmdir við Aratungu 2024 - 2405024

Framkvæmdir við Aratungu 2024.

Fjárhagsáætlun: Aðkoma/dren 25.000.000. Gluggar þak o.fl. 30.000.000.

Rætt var um framkvæmdir við Aratungu. Samþykkt var að leggja til við sveitarstjórn að ráðist verði í framkvæmdir við dren og jarðvegsskipti á plani og uppsetningu sorptunnuskýla.

11. Afhendingaröryggi rafmagns - 2404098

Upplýsingar frá Rarik, áður á dagskrá á 50. fundi.

Lögð voru fram svör frá Rarik við fyrirspurn sem lögð var fram á síðasta fundi varðandi rafmagnsbilanir í Laugardal.

Samþykkt var að óska eftir fundi með Rarik.

12. Aukin heitavatnsnotkun Gufu Fontana - 2312022

Erindi Gufunnar - Laugarvatni Fontana ehf, dags. 24. maí 2024, þar sem gerð er grein fyrir aukinni vatnspörf Fontana (heitt og kalt vatn).

Erindið var lagt fram. Þar er óskað eftir 7 sekl af köldu vatni, 15 sekl af heitu vatni og samtali við sveitarfélagið og Rarik um stað fyrir nýja dreifistöð rafmagns.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að borað verði eftir heitu vatni á Laugarvatni, í samræmi við rannsóknir ÍSOR og tilraunaboranir. Þegar niðurstaða liggur fyrir um árangur borunar verði erindi Fontana svarað.

Sveitarfélagið er tilbúið til viðræðna við Rarik þegar tillögur þeirra liggja fyrir.

13. Orkuöflun Laugarvatni - 2405025

Borun eftir heitu vatni á Laugarvatni

Sjá lið nr. 12 á fundinum.

14. Orkuöflun Reykholti (Tungurimi) - 2403015




Útboð vegna borunar í Reykholti


Lögð voru fram útboðsgögn vegna borunar eftir heitu vatni í Reykholti. Útboð verður auglýst í næstu viku.


Fundi slitið kl. 10:30.



Stefanía Hákonardóttir


Helgi Kjartansson


Jón Forni Snæbjörnsson


Ásta Stefánsdóttir


Benedikt Skúlason


Kristófer Arnfjörð Tómasson